

Fundargerð stjórnar GDLH 28.05.2018

Haldinn í húsakynnum ÍSÍ kl 18:00 . Mættir: Ólafur, Ingibergur, Helga, Stefán, Gísli, Ágúst og Magnús í gegnum video.

1. ÓÁ og ÁH áttu fund með mótsstjóra og framkvæmdastjóra LM þar sem farið var yfir launamál á Landsmóti. Munnlegt samkomulag var gert um að greiðslur vegna dómstarfa yrðu hækkuð úr 175.000 isk í 199.500 ísk og er það í takt við tímafjölda við dómstörf. Þórdís mótstjóri fór fram á að aðeins yrði greitt fyrir dæmda tíma en ekki matar eða kaffitíma, að þeir teldust ekki til dómstarfa. Var henni bent á að dómstörf teldust frá því að mætt var og til lok dags. Áskell samþykkti þessa hækkun, en sagðist ætla að íhuga þá hvort ekki yrði dregið til baka tilboðið um makamiða fyrir dómara.
2. ÁH lýsti yfir undrun sinni á því bréfi sem stjórn GDLH barst frá stjórn Landsmóts, þar sem óskað er eftir Sigurði Ævarssyni í starf yfirdómara. Benti ÁH á að þetta væri ekki eðlilegt ferli þar sem augljóst væri að yfirdómara ætti að velja úr samþykktum dómaraalista, og sá listi væri ekki tilbúinn. ÓÁ benti mótstjóra einnig á að SÆ væri ekki valkostur í þetta veigamikla starf þar sem hann hafi hlotið alvarlega áminningu frá aganefnd LH vegna starfa sinna við mótstjórn. Taldi mótstjóri LH það ekki alvarleg brot.
3. GG fór yfir niðurstöður úr nýloknum lands- og nýdómaraprófum. Skriflegi hlutinn var haldinn fyrir norðan í apríl en verklegi hlutinn framkvæmdur á Gæðingaúrtöku Fáks í Viðidalnum. Prófið skiptist í 4 þætti og var rætt um að breyta því þannig að ekki væri nóg að ná aðeins heildareinkunn yfir 7.0 (nýdómara) og 8.5 (Landsdómara) heldur væri einnig lagmarkseinkunn fyrir hvern þátt sem þyrfti að ná. Annars gekk prófið vel og eftirtaldi dómara stöðust prófið:
 - a. Nýdómarar
 - i. Sonja Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
 - ii. Elisabeth Marie
 - iii. Átríður Magnúsdóttir
 - iv. Eyvindur Hrannar Gunnarsson
 - v. Hanife Mue
 - b. Landsdómari
 - i. Guðmundur Þór Elíasson
4. Landsmót. Tuttugu og tvær umsóknir bárust um að fá að dæma Landsmót 2018. Eftirfarandi dómaraalisti verður lagður fyrir dómaranefnd LH með fyrirvara um tengingar við knapa eða hesta. Unnið er með það að dómara tengist aldrei fleiri en 1 flokki.
 - a. Oddrún Ýr Sigurðardóttir Yfirdómari
 - b. Ólafur Árnason Eftirlitsdómari
 - c. Lárus Ástmar Hannesson
 - d. Hinrik Már Jónsson
 - e. Marjolin Tiepen
 - f. Magnús Sigurjónsson
 - g. Gísli Guðjónsson

- h. Valdimar Ólafsson
- i. Valur Valsson
- j. Súsanna Ólafsdóttir
- k. Erlendur Árnason
- l. Jón Þorberg Steindórsson
- m. Amelia
- n. Alexandra Montan.

Fundi slitið 20:30.

Símafundur Stjórnar 30.05.2018

MS, ÓÁ, HC,SÁ,IÁ,ÁH,GG

Rætt er um þá staðreynd að dómari tengist of mörgum hestum sem hafa unnið sér þátttökurétt á Landsmóti. Samþykkt að Pétur Vopni taki sæti Alexöndru Montan.

13.06.2018

Símafundur

Magnús tilkynnir að stjórn LH hafi skipt sér af dómaraalista GDLH og krafist þess að einn dómari yrði tekinn af listanum. Varamaður GDLH var ekki heldur samþykktur heldur var þess krafist að komið yrði til móts við kröfu Landsmóts um val að yfirdómara og sá aðili yrði settur inn í dómarahópinn, þvert gegn álit meirihluta stjórnar. Endanlegur dómaraalisti fyrir Landsmót er því

Eftirlitsdómari. Valdimar Ólafsson

Yfirdómari. Sigurður Ævarsson

Ólafur Árnason

Erlendur Árnason

Amelia

Jón Þorberg

Súsanna Ólafsdóttir

Valur Valsson

Lárus Hannesson

Marjolin

Hinrik Már Jónsson

Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Magnús Sigurjónsson

Gísli Guðjónsson

19.06.2018

Ólafur Árnason óskar eftir því að bókað verði að hann óski eftir því að draga sig út úr dómarateyminu fyrir Landsmót og hvetur aðra stjórnarmenn til að gera það sama þar sem hann telur að óeðlileg afskipti hafi verið af valinu af hluta stjórnar LH. Eins óskaði Ólafur eftir því að senda frá sér yfirlýsingu sem birt yrði að síðu GDLH. Það var samþykkt af formanni GDLH og sú yfirlýsing var birt þann 25.06.2018. (sjá fylgiskjal)

13.09.2018

Skrifstofa ÍSÍ klukkan 18:00

MS.ÓÁ,HC,IÁ,SÁ.

Miklar umræður voru um það sem gerðist í aðdraganda Landsmóts og hvað væri hægt að gera til að svoleiðis uppkoma myndi ekki eiga sér stað aftur. Samþykkt var að leggja fyrir eftirfarandi tillögu á komandi Landsþingi LH:

Tillaga

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 2.8.2, Framkvæmdanefndir móta, í lögum og reglum LH.

Grein 2.8.2 hljóðar svo:

2.8.2 Framkvæmdanefndir móta

Undirbúning móta annast framkvæmdanefnd (sjá þó sérreglur um Íslandsmót og Landsmót), sem stjórn eða stjórnir viðkomandi hestamannafélaga skipa. Framkvæmdanefnd semur dagskrá mótsins, ákveður skráningargjöld, annast auglýsingu móts, móttöku þátttökutilkynninga og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar. Framkvæmdanefnd skipar eftirtalda starfsmenn mótsins:

- *Mótsstjóra, sem skipa skal um leið og framkvæmdanefnd. Hann annast allan undirbúning móts ásamt framkvæmdanefnd. Hann ber ábyrgð á því að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá. Mótsstjóri ber ábyrgð á að dómöggn séu til staðar ásamt riturum.*
- *Yfirdómara, í samráði við dómaranefnd LH, úr hópi dómara, sem dómaranefndin hefur valið. Hann hefur umsjón með störfum dómara, en hefur e*

kki vald til að breyta niðurstöðu þeirra. Sjá einnig nánar um hlutverk yfirdómara í grein 8.3.3. • Vallarstjóri, sem annast verkstjórn á mótssvæði meðan á móti stendur og hefur umsjón með

framkvæmd dagskrár, í samráði við mótsstjóra.

- *Þul, sem kynnir dagskrárlíði og kappkostar að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.*

- *Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn, þeir starfa í umboði dómara.*

Tillaga okkur er sú að framkvæmdanefnd komi ekki að skipun yfirdómara á stórmótum, því fellur greinin um yfirdómara út í grein 2.8.2 og verður eftirfarandi:

2.8.2 Framkvæmdanefndir móta

Undirbúning móta annast framkvæmdanefnd (sjá þó sérreglur um Íslandsmót og Landsmót), sem stjórn eða stjórnir viðkomandi hestamannafélaga skipa. Framkvæmdanefnd semur dagskrá mótsins,

ákveður skráningargjöld, annast auglýsingu móts, móttöku þátttökutilkynninga og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar. Framkvæmdanefnd skipar eftirtalda starfsmenn mótsins:

- Mótsstjóra, sem skipa skal um leið og framkvæmdanefnd. Hann annast allan undirbúning móts ásamt framkvæmdanefnd. Hann ber ábyrgð á því að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá. Mótsstjóri ber ábyrgð á að dómöggn séu til staðar ásamt riturum.*
- Vallarstjóri, sem annast verkstjórn á mótssvæði meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár, í samráði við mótsstjóra.*
- Pul, sem kynnir dagskrárliði og kappkostar að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.*
- Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn, þeir starfa í umboði dómara.*

Greinargerð

Stjórn GDLH telur það vera í höndum dómarafélaganna að skipa dómara og yfirdómara á stórmótum sem fer svo til samþykktar hjá dómara nefnd LH en ekki framkvæmdanefnd mótanna sjálfra.

Einnig var samþykkt að stjórn myndi senda frá sér bréf til ÍSÍ þar sem óskað yrði eftir álitum frá þeim hvort að vinnubrögð og afskipti stjórnar LH geti talist eðlileg.

Ljóst er að það stefnir í mikla endurnýjun í stjórn GDLH þar sem Ingibergur, Gísli, Helga og Magnús ætla að hætta. Ólafur er sjálfkjörinn og Stefán og Ágúst reikna með því að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa.

Magnús mun boða til aðalfundar félagsins þann 18.10.18.

Fundi slitið klukkan 19:45.